

SFA

Snæfríður Þóra Egilson
Þóra Leósdóttir

SKÓLAFÆRNI ATHUGUN

Kynningarhefti



ISBN 978-9979-9891-8-9

Höfundar: Snæfríður Þóra Egilson og Þóra Leósdóttir.

Útgáfa á vegum Námsmatsstofnunar

Umbrot og uppsetning: Kristín Jóna Þorsteinsdóttir

Kápa: Kristín Jóna Þorsteinsdóttir

Prentun: Prenttækni

Efni þessa heftis má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, ljósritun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

SKÓLAFÆRNI ATHUGUN

Skólafærni Athugun (*School Function Assessment, SFA*) er markbundið (*criterion referenced*) matstæki sem nýtist við mat á þátttöku og færni 6-12 ára nemenda með sérþarfir í námi. Matstækið samanstendur af spurningalistum um frammistöðu nemenda við ýmis viðfangsefni í skólanum, sem einn eða fleiri fagmenn fylla út. Hægt er að leggja matstækið fyrir í heild eða valda hluta þess. Þær upplýsingar sem fást við úrvinnslu koma að góðu gagni við skipulag og tilhögun þjónustu sem og við gerð einstaklingsnámskrár. Höfundar SFA eru Wendy Coster, Theresa Deeney, Jane Haltiwanger og Stephen Haley. Þau hafa menntun og reynslu á mismunandi sviðum, þ.e. iðjuþjálfun, kennslu- og sérkennslufræðum, sálfræði og sjúkráþjálfun (Coster, Deeney, Haltiwanger og Haley, 1998).

ÞÁTTTAKA OG FRAMMISTAÐA NEMENDA

Fjölmargir þættir sem ýmist lúta að barninu sjálfu eða skólaumhverfinu hafa áhrif á þátttöku nemenda í skólastarfi (Law, 2002; Mancini og Coster, 2004; Mancini, Coster, Trombly og Heeren, 2000; Snæfríður Þóra Egilson, 2005a). Meðal þeirra þátta eru andlegt atgervi, viljastyrkur, hegðun, viðmót, félags- og samskiptafærni og hreyfifærni. Sem dæmi um umhverfisþætti má nefna skipulag innan húss og utan og ýmiss konar búnað sem notaður er í skólastarfinu. Lög og reglugerðir hafa áhrif á hvaða þjónusta er í boði hverju sinni en einnig skipta viðhorf, væntingar og samskipti innan skólasamfélagsins miklu máli. Loks endurspeglar viðfangsefni skóla mjög mismunandi kröfur um frammistöðu. Sum reyna fyrst og fremst á vitræna þætti, eins og þau sem tengjast bóklegu námi. Önnur reyna mestmegnis á almennt atferli, svo sem að fylgja félagslegum hefðum, fyrirmælum og skólareglum og enn önnur á líkamlega þætti svo sem að fara um skólahúsnæðið og taka þátt í íþróttum (Coster, Deeney, Haltiwanger og Haley, 1998; Snæfríður Þóra Egilson, 2005b).


Með hugtakinu „skólafærni“ er átt við færni nemandans við mikilvæg viðfangsefni sem styðja eða efla þátttöku hans í námi og félagslegum samskiptum í skólaumhverfinu. Virk þátttaka byggir á ákveðinni grundvallarfærni s.s. að handfjatla bækur, beita skriffæri, bregðast við spurningum úr námsefni, óska eftir upplýsingum eða aðstoð, fara um kennslustofu og skólabyggingu, sinna persónulegum þörfum og hafa samskipti við bekkjarfélaga við verkefnavinnu eða í frímínútum. Meginmarkmið bóklegs náms er að auka þekkingu og leikni á ákveðnum sviðum, t.d. í móðurmáli, erlendum tungumálum og raungreinum. Í skólastarfi eru einnig aðrir nauðsynlegir þættir sem stuðla að vellíðan

nemenda, félagslegri þátttöku þeirra og árangri í námi. Ef vandi er til staðar er ýmist hægt að aðlaga umhverfið, einfalda eða endurskipuleggja viðfangs-efni, eða veita sérkennslu, stuðning eða þjálfun. Til dæmis getur nemandi með takmarkaða hreyfifærni fengið þjálfun við að halda rétt á skriffæri þannig að hann auki færni sína og geti lokið skriflegum verkefnum eins og ætlast er til miðað við bekkjarfélaga. Nemandi með athyglisbrest og ofvirkni þarf yfirleitt skýran aðhaldsramma, stöðugleika, festu og venjur til að hafa stjórn á hegðun sinni (Ragna Freyja Karlsdóttir, 2001; Rósa Eggertsdóttir og Gretar L. Marinósson, 2002).

HUGMYNDAFRÆÐIN AÐ BAKI SFA

Matstækið byggir á hugmyndafræði Alþjóðlega flokkunarkerfisins um færni, fötlun og heilsu (*International Classification of Function, Disabilities and Health*) eða ICF sem kom formlega út árið 2001 (World Health Organization, 2001). ICF byggir á lífsálfélagslegri (*biopsychosocial*) nálgun sem er sett fram sem samspil heilsufars, færni og aðstæðna (sjá 1. mynd). Færni er lykilhugtak ICF og birtist hún í þremur mismunandi víddum, þ.e. líkamsstarfssemi/líkamsbygging, athafnir og þátttaka. Áhersla er lögð á samspil heilsufars og aðstæðna en með aðstæðum er átt við þætti í umhverfinu og hjá einstaklingnum sjálfum. ICF er ætlað að þjóna margvíslegum tilgangi og nýtast jafnt við skráningu, í rannsóknum, menntun, stefnumótun og þjónustu (World Health Organization, 2001; Snæfríður Þóra Egilson og Guðrún Pálmadóttir, 2006). Unnið er að íslenskri þýðingu og útgáfu ICF (Landlæknisembættið, 2006) og er því ætlað veigamikið hlutverk hér á landi í framtíðinni.

SFA matið er þátttökumiðað en í því felst að unnið er frá hinu víðtæka til hins sértæka (*top-down approach*). Fyrst er aflað upplýsinga um það sem barnið



1. mynd. Myndræn framsetning alþjóðlega líkansins um færni, fötlun og heilsu (World Health Organization, 2001).

þarf að gera eða vill gera og um umhverfið þar sem það stundar iðju sína. Horft er til þeirra hlutverka sem barnið þarf að takast á við í skólanum og til viðfangsefna og athafna sem þeim fylgja. Tiltekin hæfni eða eiginleikar eru eingöngu metnir að því marki sem nauðsynlegt er til þess að varpa skýrara ljósi á þátttöku barnsins við mismunandi aðstæður eða til að finna leiðir til úrbóta. Árangri er náð þegar barnið getur leyst nauðsynleg viðfangsefni sem hafa þýðingu og tilgang. Lítið hefur verið um matstæki sem byggja á þessari hugmyndafræði og bætir SFA vonandi úr þeim skorti. Einnig hefur SFA þá sérstöðu að vera eingöngu ætlað til notkunar í tengslum við skólustarf (Coster, Deeney, Haltiwanger og Haley, 1998).

Hér að neðan er fjórum stigum líkansins að baki SFA lýst. Fyrstu þrjú stigin lýsa mismunandi færni og eru þau kjarni matstækisins. Á fjórða stiginu eru tilgreindir eiginleikar eða hæfni sem færni nemenda byggir meðal annars á. Matstækið tekur ekki til þessa stigs enda eru fjölmörg önnur mælitæki sem það gera.

1. STIG

Þátttaka og hlutverk: Kannað er að hvaða marki nemandi tekur virkan þátt í dæmigerðum viðfangsefnum í skólanum og nýtir þau tækifæri sem standa honum til boða. Ennfremur hvort og þá hvernig nemandinn upplifir takmarkanir eða hindranir vegna fötlunar sinnar, mismununar eða fordóma.

Í SFA- matshefti: Þátttaka (Participation)

2. STIG

Færni við viðfangsefni: Kannað er að hve miklu leyti nemandi er fær um að ljúka dæmigerðum og mikilvægum viðfangsefnum í skólanum. Viðfangsefni er skilgreint sem safn athafna er hafa sameiginlegar áherslur eða markmið.

Í SFA- matshefti: Stuðningur við viðfangsefni, aðstoð, aðlögun (Task Support).

3. STIG

Færni við athafnir: Geta nemanda til að ljúka tilteknum viðfangsefnum er athuguð nánar með því að beina sjónum að þeim athöfnum sem viðfangsefnin fela í sér.

Í SFA- matshefti: Færni við athafnir (Activity Performance).

4. STIG

Eiginleikar og hæfni: Mannlegir eiginleikar sem nauðsynlegir eru til að takast á við viðfangsefni í skólanum. Þetta eru þættir sem lúta að líkamsstarfsemi og -byggingu, svo sem skynhreyfiþættir, vitsmunuþættir og sálfélagslegir þættir. Þetta stig er m.a. metið með ýmiss konar þroskaprófum auk matstækja er ná til hegðunar, félags- og tilfinningalífs.

HVAÐ VINNST MEÐ ÞVÍ AÐ NOTA SFA?

SFA veitir sértækar upplýsingar um þátttöku nemenda í skólastarfi. Þar að auki nýtist það einkar vel við gerð einstaklingsnámskrár því það varpar ljósi á færni nemenda við mismunandi aðstæður. SFA hentar einnig þegar stuðla þarf að aukinni samvinnu starfsmanna skólans, við skráningu árangurs og áhrifa íhlutunar auk þess að afla upplýsinga í tengslum við framkvæmd laga og reglugerða um skólagöngu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006; Lög um grunnskóla, 2008; Reglugerð um sérkennslu, 1996). Áhersla er lögð á viðfangsefni sem eru sérlega krefjandi fyrir börn með skyn- og hreyfiraskanir enda hafa fá matstæki verið með áherslu á þennan hóp (Coster, Deeney, Haltiwanger og Haley, 1998; Egilson og Coster, 2004; Snæfríður Þóra Egilson, 2005a). SFA er markbundið matstæki. Flestir aðrir matslistar, sem notaðir eru til að meta atferli og aðlögun (*adaptive behavior*), eru staðalbundnir (*norm referenced*). Þeir greina hins vegar misvel hvaða þættir skipta mestu máli fyrir þátttöku í skólastarfi og hverjir síður. Fáir þeirra taka tillit til þess að færni er háð aðstæðum og í ljósi þess er mikilvægt að beina sjónum að árangri en ekki aðferð. Margir matslistar nýtast því ekki nægilega vel við gerð einstaklingsnámskrár. Einnig taka þeir takmarkað tillit til umhverfisins, þ.e. mismunandi frammistöðu nemanda í ólíku umhverfi, og hvaða umhverfisþættir stuðla að bættri frammistöðu (Snæfríður Þóra Egilson, 2005a). Einn af kostum SFA er sá að athyglinni er ekki beint að þeirri hömlun eða fötlun sem barnið býr við. Því hentar það öllum börnum, hverjar sem sérþarfir þeirra eru.

Hér má lesa í stuttu máli helstu einkenni SFA.

- **Hvert stig beinist að mismunandi þáttum færni:** Oft er ekki hægt að áætla getu á einu stigi út frá upplýsingum um getu á öðru. Nemandi sem getur ekki skrifað á læsilegan hátt með blýanti getur verið fær um að ljúka verkefni með tölvu.
- **Færni endurspeglar bæði einstaklinginn sjálfan og umhverfi hans:** Færnisferðing er til staðar þegar misræmi er milli krafna umhverfisins og getu nemanda til að mæta þeim. Ef nemandi getur til dæmis ekki þvegið sér um hendur kann ástæðan að vera sú að vaskurinn er ekki rétt staðsettur. Ef bætt væri úr því gæti nemandinn verið sjálfbjarga um handþvottinn.
- **Hver kvarði lýsir færni nemanda á ákveðnu sviði:** Færni við athafnir (III. Hluti) samanstendur af mörgum kvörðum sem hver og einn lýsir ákveðnum viðfangsefnum, s.s. að fara um skólann, borða og drekka, nota

áhöld og efni og hegða sér á öruggan og viðeigandi hátt. Þetta tryggir að mikilvægir styrkleikar eða veikleikar séu auðgreinanlegir og hægt sé að nýta þá vitneskju til að útbúa viðeigandi námsáætlun fyrir nemandann.

- **Færni er háð aðstæðum:** Færni nemanda getur verið mjög breytileg eftir aðstæðum. Nemandi getur t.d. sýnt mismunandi félagsfærni í skipulögðu umhverfi skólastofunnar og í frímínútum á skólalóð. Á sama hátt er getan til að skrifa læsilega mikilvægur hluti af færni í kennslustofu en skiptir ekki máli í leikfimisal eða búningsklefa.
- **Færni er skilgreind út frá árangri en ekki aðferðum:** Oft er hægt að fara mismunandi leiðir að settu marki og nota fjölbreyttar aðferðir við framkvæmd tiltekinna viðfangsefna. Nemandi getur t.d. farið um skólafestu gangandi, í hjólastól eða á hækjum.

MATSTÆKIÐ SKIPTIST Í ÞRjú MEGINHLUTA:

I. Hluti: Þátttaka (*Participation*). Þátttaka nemanda er athuguð við sex mismunandi aðstæður í skólanum: Í kennslustofu/sérkennslustofu, á skólalóð/í frímínútum, við að fara í og úr skóla, á snyrtingu/salerni, við að fara um skólann og við máltíðir í mötuneyti eða nestistímum. Notaður er einn kvarði og stig lögð saman til að fá samtölu.

II. Hluti: Stuðningur við viðfangsefni (*Task Support*). Athugað er hversu mikinn stuðning nemandinn fær við viðfangsefni sem nauðsynleg eru fyrir þátttöku í námi. Litið er til aðstoðar (fullorðinna) og aðlögunar umhverfis (sérbúnaðar af ýmsum toga). Viðfangsefnum er einnig skipt í tvennt: a) Viðfangsefni sem reyna á líkamlega færni. b) Viðfangsefni sem reyna á vitræna færni og atferli. Í þessum hluta eru fjórir kvarðar sem allir gefa samtölu. Þeir eru:

- aðstoð við viðfangsefni sem reyna á líkamlega færni
- aðlögun viðfangsefna sem reyna á líkamlega færni
- aðstoð við viðfangsefni sem reyna á vitræna færni og atferli
- aðlögun viðfangsefna sem reyna á vitræna færni og atferli

III. Hluti: Færni við athafnir (*Activity Performance*). Athuguð er færni nemandans við ákveðnar athafnir í skólastarfinu. Kvarðarnir eru 21 og inniheldur hver þeirra fjölda tengdra athafna sem eiga það sameiginlegt að krefjast almennrar færni nemanda, s.s. að fara um, eiga samskipti, fylgja skólareglum og tjá sig um þarfir sínar. Athafnirnar eru notaðar til að skoða hvert viðfangsefni í II. hluta af meiri nákvæmni. Samtala fæst úr hverjum kvarða fyrir sig.

RANNSÓKNIR OG TÖLFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Alls tóku 678 nemendur úr 48 fylkjum Bandaríkjanna þátt í þróun og stöðlun matstækisins. Rúmur helmingur hópsins (363 nemendur) var með sérþarfir og átti við ólíkar hamlanir að stríða, svo sem hreyfihömlun, tjáskiptaörðugleika, tilfinninga- og hegðunarörðugleika og þroskahömlun. Hinn helmingur hópsins stundaði nám samkvæmt almennri námskrá. Greining þátta í stöðlunarúrtakinu leiddi í ljós þær tvær meginvíddir sem einkenna uppbyggingu matstækisins, þ.e. vitræna þætti og almennt atferli annars vegar og líkamlega þætti hins vegar (Coster, Mancini og Ludlow, 1999). Viðmiðstölur (*criterion score*) byggja á frammistöðu nemenda með sérþarfir. Þær gefa til kynna hvar nemandi er staddur á „færnirófinu“, þ.e. hversu mikinn þátt nemandi tekur í athöfnum í skólanum, þörf hans fyrir aðstoð og aðlögun og færni við viðfangsefni í skólanum. Stigagjöf kemur að góðu gagni við að greina frávik en greinir ekki á milli færni sem telst innan eðlilegra marka. Viðmiðunarmörk (*criterion cut-off score*) byggja á frammistöðu þeirra nemenda sem stunduðu nám samkvæmt almennri námskrá og eru mælitölur prófsins með 95% öruggisbil. Rannsóknir á réttmæti SFA styðja notagildi þess í vinnu með nemendum með sérþarfir. Matstækið er notað víða um heim (Coster og Haltiwanger, 2004; Davies, Soon, Young og Clausen-Yamaki, 2004; Hwang og Davies, 2009; Hwang, Davies, Taylor og Gavin, 2002; Mancini og Coster, 2004; Schenker, Coster og Parush, 2005; 2006).

Nokkrar íslenskar rannsóknir hafa verið gerðar á SFA. Vorið 2001 var gerð forathugun á notkun þess hér á landi (Snæfríður Þóra Egilson, Sara Stefánsdóttir, Signý Þöll Kristinsdóttir og Sólrún Óladóttir, 2001). Matstækið var notað til að varpa ljósi á þátttöku og frammistöðu barna með hreyfihömlun (Snæfríður Þóra Egilson, 2005a) og til að bera saman frammistöðu nemenda með hreyfihömlun ($n=35$) og með skerðingu af öðrum toga ($n=40$), svo sem þroskaröskun og hegðunarörðugleika (Egilson og Coster, 2004). Innri áreiðanleiki var jafnframt kannaður með því að reikna út alfastuðul og reyndist hann á bilinu .83-.98. Þáttagreining með 75 nemendum leiddi í ljós sömu tvo þættina og fram komu í bandarísku útgáfunni (Snæfríður Þóra Egilson, 2003). Rannsóknirnar styðja við notagildi SFA hér á landi.

FYRIRLÖGN OG ÚRVINNSLA

Gert er ráð fyrir að ýmsir, sem þekkja til þátttöku nemandans í skólastarfi, geti notað SFA og fyllt út matsheftið, s.s. kennarar, sérkennarar, iðjuþjálfar, þroskaþjálfar, talmeinafræðingar, sjúkraþjálfarar og stuðningsfulltrúar. Þeir verða þó að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Hafa fylgst með nemanda í nokkur skipti við þær aðstæður sem SFA tekur til.
- Þekkja til búnaðar og aðlögunar sem almennir nemendur nota og aldurstengdrar færni barna á þeim sviðum sem metin eru.

Til að leggja matstækið fyrir þarf að nota handbók, leiðbeiningar við fyrirgjöf og matshefti. Matsheftið og leiðbeiningarnar eru til í íslenskri þýðingu en handbókin er á ensku. Margir þættir hafa áhrif á hversu langan tíma fyrirlögnin tekur. Þar má nefna hversu stór hluti matstækisins er lagður fyrir, reynslu þess sem metur, vinnuálag hans og það hversu flóknar þarfir nemenda eru. Áætlaður tími til að leggja SFA fyrir í heild sinni er a.m.k. 1½ - 2 klst. fyrir óvana en vanur matsmaður þarf mun skemmri tíma til fyrirlagnar. Ekki er nauðsynlegt að ljúka heildarmati á einum degi en það má þó ekki taka lengri tíma en tvær til þrjár vikur.

Þeir sem vinna úr upplýsingunum sem matstækið veitir og túlka niðurstöður þess þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Hafa viðeigandi sérfræðiþekkingu, s.s. háskólagráðu í iðjuþjálfun, þroskaþjálfun, kennslu/sérkennslufræðum, sálfræði eða sjúkraþjálfun.
- Hafa þekkingu á þroskafrávikum eða mismunandi fötlunum þeirra nemenda sem metnir eru og erfiðleikum sem þar fylgja.
- Hafa þekkingu á matsaðferðum.
- Hafa staðgóða þekkingu á úrvinnslu SFA.

Hægt er að túlka niðurstöður á tveimur stigum. Grunnupplýsingar gefa til kynna hvort færni nemandans er frábrugðin því sem gerist meðal jafnaldra hans. Nánari skoðun beinist að einstökum atriðum innan tiltekinna kvarða og viðmiðstölum til að skilgreina og túlka færnimynstur nemandans.

Á grunnstiginu er hægt að nota viðmiðunarmörkin sem rökstuðning fyrir þörf á þjónustu þegar sýna þarf fram á að frammistaða nemandans er síðri en gert er ráð fyrir miðað við aldur.

Hægt er að fá nánari upplýsingar með því að skoða þyngdarstig hvers atriðis en í töflum í handbókinni er þeim öllum raðað upp eftir erfiðleikastigi.

Þessar upplýsingar gefa færi á því að umhverfi nemandans sé aðlagð sem og aukinni þjálfun eða þjónustu á þeim sviðum sem þarf svo hann nái hámarks árangri og vellíðan í skóla.

SAMANTEKT

SFA beinir sjónum að atferli sem hefur þýðingu fyrir frammistöðu og virkni nemenda í grunnskóla. Það fjallar ekki eingöngu um kröfur innan kennslustofunnar heldur tekur einnig til athafna við aðrar aðstæður í skólanum, þ.á.m. á snyrtingu, skólalóð og við að fara um skólann. Matstækið gerir notanda kleift að fá upplýsingar um dæmigerða færni nemanda þar sem hann er metinn af þeim sem vinna yfirleitt með honum í skólanum. Upplýsingarnar gefa réttmætari mynd af færni nemanda en ef hún væri metin eftir aðeins eitt skipti. Með notkun SFA og með samvinnu fleiri fagaðila er hægt að setja einstaklings- og færnimiðuð markmið og skipuleggja þjónustu samkvæmt þeim. Matstækið auðveldar mat á framförum nemandans og áhrifum íhlutunar. Einnig veitir það upplýsingar um þann stuðning sem nemandinn þarf á að halda og getur því verið gagnlegt við að ákveða úthlutun fjármagns og tíma sem veittur er í stuðningsúrræði. Þar sem hver þáttur SFA er ritaður með almennu orðalagi stuðlar það að því að allir, sem koma að námsáætlun hvers nemanda, miðli upplýsingum sín á milli á árangursríkan hátt. Þannig stuðlar notkun SFA að markvissum samskiptum og dregur fram ólík sjónarmið til hagsbóta fyrir nemendur og aðra sem að máli koma.

HEIMILDIR

- Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti (2006). Reykjavík: Menntamálaráðuneyti.
- Coster, W., Deeney, T., Haltiwanger, J. og Haley, S. (1998). *School Function Assessment, SFA: User's manual*. San Antonio: Psychological Corporation.
- Coster, W. J., og Haltiwanger, J. (2004). Social-behavioral skills of elementary students with physical disabilities included in general education classrooms. *Remedial and Special Education*, 25, 95-103.
- Coster, W., Mancini, M. C. og Ludlow, L. H. (1999). Factor structure of the School Function Assessment. *Educational and Psychological Measurement*, 59(4), 665-677.
- Davies P. L. Soon, P. L. Young, M. og Clausen-Yamaki, A. (2004). Validity and reliability of the School Function Assessment in elementary school students with disabilities. *Physical & Occupational Therapy in Pediatrics*. 24(3), 23-43.
- Egilson, S. T. og Coster, W. J. (2004). School Function Assessment: Performance of Icelandic students with special needs. *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*, 163-170.
- Hwang, J. L., Davies, P. L. (2009). Rasch Analysis of the School Function Assessment provides additional evidence for the internal validity of the activity performance scales (Brief Report). *American Journal of Occupational Therapy* 63, 369-373.
- Hwang, J. L., Davies, P. L., Taylor, M. P. og Gavin, W. J. (2002). Validation of School Function Assessment with elementary school children. *OTJR-Occupation, Participation and Health*, 22(2), 48-58.
- Landlæknisembættið. Flokkunarkerfi. Sótt 24. júní 2006 frá <http://www.landlaeknir.is/template1.asp?pageid=34>
- Law, M. (2002). Participation in the occupations of everyday life. *American Journal of Occupational Therapy*, 56(6), 640-649.
- Lög um grunnskóla nr. 91 frá 2008. Aðgengilegt á <http://www.althingi.is/lagas/35b/200891.html>
- Mancini, M. C. og Coster, W. (2004). Functional predictors of school participation by children with disabilities. *Occupational Therapy International*, 11(1), 12-25.
- Mancini, M. C. Coster, W. J., Trombly, C. A., og Heeren, T. C. (2000). Predicting elementary school participation in children with disabilities. *Archives of Physical Medicine and Rehabilitation*, 81, 339-347.

- Ragna Freyja Karlsdóttir (2001). *Ofvirknibókin*. Kópavogi: Höfundur: Ragna Freyja Karlsdóttir.
- Rósa Eggertsdóttir og Gretar L. Marinósson (ritstjórar) (2002). *Bætt skilyrði til náms: Starfsþróun í heiltæku skólastarfi*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Reglugerð um sérkennslu 389/1996.
- Schenker, R., Coster, W. og Parush, S. (2005). Participation and activity performance of students with cerebral palsy within the school environment. *Disability and Rehabilitation*, 27, 539-552.
- Schenker, R., Coster, W. og Parush, S. (2006). Personal assistance, adaptations and participation in students with cerebral palsy mainstreamed in elementary schools. *Disability and Rehabilitation*, 28, 1061-1069.
- Snæfríður Þóra Egilson (2003). *School Function Assessment: A focus on psychometric properties of the instrument*. Óbirt námsverkefni við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Snæfríður Þóra Egilson (2005a). *School Participation: Icelandic Students with Physical Impairments*. Doktorsritgerð við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.
- Snæfríður Þóra Egilson (2005b). Hvernig vegnar nemendum með sérþarfir í grunnskólanum? Í *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna*: Erindi flutt á málþingi umboðsmanns barna og háskólarektors 5. nóvember 2004. Umboðsmaður barna og Háskóli Íslands.
- Snæfríður Þóra Egilson og Guðrún Pálmadóttir (2006). Heilbrigði og fötlun: Alþjóðleg líkön og flokkunarkerfi. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.) *Fötlun. Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 37-65). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Snæfríður Þóra Egilson, Sara Stefánsdóttir, Signý Þöll Kristinsdóttir og Sólrún Óladóttir (2001). Skóla-Færni-Athugun (SFA): Forprófun; Samanburður á frammistöðu íslenskra skólabarna með og án sérþarfa á mismunandi kvörðum matstækisins SFA. *Glæður*, 2, bls. 36-44.
- World Health Organization. (2001). *International Classification of Functioning, Disability and Health*. Geneva: World Health Organization.

